



Ársskýrsla 2009-2010
Björk, fimleikafélag
10. maí 2010

RioTintoAlcan
ISAL-STRAUMSVÍK



Aðalstjórn

Aðalfundur félagsins var haldinn 2. apríl 2009 og voru kjörin í stjórn: Ingvar Kristinsson sem formaður, Andrés Andrésón og Hannes Pétursson sem stjórnarmenn til 2ja ára og Alda Pálsdóttir til eins árs. Fyrir í stjórn var Eyþór Fannberg. Í varastjórn voru kjörnar þær Anna María Valtýsdóttir og Ragnheiður Hjaltalín. Í aðalstjórn sitja auk þess fulltrúar deilda, þeir hafa verið formenn deildanna þau Þór Ólafsson, Halldóra Eldon Sigurðardóttir og Rakel Sigurgeirsdóttir. Anna María Valtýsdóttir fulltrú félagsins í ÍBH sat einnig fundi aðalstjórnar.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Eyþór var varaformaður, Andrés gjaldkeri, Hannes ritari og Alda meðstjórnandi. Stjórnin hélt 17 fundi á tímabilinu að jafnaði 2svar í mánuði annan hvern þriðjudag og gekk það nokkuð vel eftir fram til áramóta, en fundir urðu heldur sjaldnar á árinu 2010.

Starf stjórnarinnar fór enn og aftur að megin hluta til í að ræða og finna leiðir til að koma fjárhag félagsins í lag og komust önnur verkefni því vart að sökum þess. Stjórnin hafði þó á verkefnalista sínum fjögur megin verkefni fyrir utan fjármál og rekstur;

- Endurskoða handbók félagsins
- Móta Afreksstefnu
- Bæta heimasíðu félagsins, gera hana virkari
- Koma á fót hóp styrktrarfélaga

Farið var yfir handbók félagsins og hún ræddi en ekki tókst að ljúka endurskoðun á henni. Hugmyndir voru um að ræða handbókina samhliða hópefli með starfsfólki, þjálfurum og stjórnarfólki í félaginu. Því miður tókst ekki að finna heppilega tíma í þetta mikilvæg verkefni og bíður það haustsins úr þessu.

Nokkrir fundir voru haldnir um afreksstefnu fyrir félagið og var m.a. farið yfir skjal sem Guðjón Guðmundsson yfirþjálfari í fimleikum stráka setti saman. Þetta verkefni komst heldur ekki mikið áfram. Það sett svolítið strík í reikninginn að helsta afreksfólk félagsins í Taekwondo hætti iðkun hjá félaginu haustið 2009. Mikilvægt er að halda verkefninu lifandi og taka það föstum tókum á næsta starfsári.

Töluverðum tíma var varið í að fara yfir heimasíðu félagsins og með hvaða hætti unnt væri að bæta þar úr. Áformað var að hver deild tilnefndi ábyrgðamann fyrir sinn hluta á síðunni. Eins átti að virkja alla þjálfara við að koma með efni frá sínum hópum. Upplýsingastreymi um heimasíðuna getur verið enn virkara, og þar þurfa allir að leggjast á eitt. Heimasíðan þarf sífellt að vera í skoðun, enda mikilvægur hlekkur í að miðla upplýsingum innan félagsins og út til foreldra. Samhliða þessu verkefni var farið yfir upplýsingaskjáinn í andyri Bjarkarmiðstöðvarinnar. Myndum úr starfinu var komið á skjáinn og hefur það mælst mjög vel fyrir.

Ekki hefur tekist að virkja hóp styrktrarfélaga. Það skrifast á tímaleysi að þessu sinni, en verður vonandi hægt að bæta þar úr á komandi starfsári.

Starf aðalstjórnar mótaðist mikið af umræðu um rekstarvanda félagsins, sem fyrst og síðast snýr að rekstri fimleikadeildarinnar. Of mikil og ósamstæð stjórnun í fimleikadeildinni sem og of margir þjálfaratímar miðað við fjölda iðkenda. Slök innheimta og breytingar á fyrirkomulagi við niðurgreiðslur Hafnarfjarðabæjar er ekki til að bæta þar úr.

Skuldir félagsins í árslok 2009 voru orðnar það miklar að ekki var séð hvernig félagið gæti óstutt klofið þann skuldabagga. Því ákvað aðalstjórn félagsins á fundi 30. Desember 2009 að stofna nýtt félag um rekstur íþróttadeilda, Fimleikafélagið Björk. Tók það félag við rekstri félagsins frá og með 1. Janúar 2010. Unnið er að skuldavanda félagsins hjá eldra félaginu og vonandi finnst viðunandi lausn þar að

lútandi fljótlega. Nýtt félag um reksturinn var fyrst og fremst stofnað til að tryggja hnökralausa starfsemi þrátt fyrir erfiðan fjárhag.

Starfsfólk

Á skrifstofu félagsins starfa þau Hafsteinn Þórðarson sem sér um bókhald og fjármál félagsins og Vala Rut Sjafnardóttir sem sér um móttöku, símsvörun, útleigu á aðstöðu félagsins, umsjón með skráningu iðkenda og umsjón með heimasíðu félagsins.

Björn Þorleifsson hætti störfum hjá félaginu í ágúst 2009 og við hans störfum tók Gauti Már Guðnason sem yfirþjálfari í TKD og Sjöfn Jónsdóttir tók við verkefnum er tengdust almenningseildni.

Nicoleta, Sorin og Alexandra Branzai hættu störfum í júní 2009 og fóru heim aftur til Rúmeníu. Við starfi Nicoletu sem yfirþjálfari í keppnishóp áhaldafimleika stúlkna tók Hlín Benediktsdóttir. Robert Bentia frá Rúmeníu var ráðin sem þjálfari í fimleika stúlkna og kom hann til félagsins frá Fjölni og hefur starfað hér á landi í rúm 5 ár sem þjálfari í fimleikum.

Fastráðnir starfsmenn félagsins í fullu eða hluta starfi á árinu 2009-2010 voru auk Völu og Hafsteins þau:

Hlín Benediktsdóttir – yfirþjálfari keppnishópa áhaldafimleika stúlkna og hópfimleikum (40%)
Hlín Árnadóttir – yfirþjálfari fimleika grunnhópum stúlkna og umsjón með erlendum þjálfurum (100%)
Sjöfn Jónsdóttir - yfirþjálfari og verkefnisstjórn klifurdeild (40%) og vekenisstjórn fimleikadeild (60%)
Auður Anna Jónsdóttir – verkefnisstjórn TKD deild (40%)
Dzimitry Varonin – þjálfari fimleikum stúlkna (100%)
Natallia Varonina – þjálfari fimleikum stúlkna (100%)
Robert Bentia – þjálfari fimleikum stúlkna (100%)
Uladzimir Zaitsau – þjálfari fimleikum stráka (100%)
Hildur Ketilsdóttir – þjálfari fimleikum stúlkna (100%)

Guðjón Guðmundsson er yfirþjálfari fimleika stráka og er hann tímaráðin eins og 35 aðrir þjálfara félagsins. Samtals eru því 46 starfsmaður á launum hjá félaginu, en um 50 starfsmenn hafa fengið greidd laun hjá félaginu á tímabilinu.

Félagið leigði á tímabilinu 2 íbúðir, að Hellisgötu fyrir Uladzimir og að Krókahrauni fyrir Dzimitry og Natallia. Áfram á félagið húseign að Dalshrauni 5, sem John Kirby frá Englandi, þjálfari í Parkour leigir af félaginu.

Mikilvægt er á hverjum tíma að huga vel að nýtingu, skiptingu á milli fastráðinna og tímaráðinna starfsmanna og hlutverki þeirra. Hátt hlutfall greiddra tíma fer í stjórnun eða umsjón einhversskonar, eða nær 35%, þessu verður að breyta. Hópaskipting og stærð æfingahópa ræður miklu um afkomu félagsins.

Starfsfólk félagsins hefur sýnt mikið umburðarlyndi og skilning á erfiðri fjárhagsstöðu félagsins og hefur lagt mikið á sig til að láta dæmið ganga upp. M.a. tekið á sig lækkan launa. Er þeim þakkað kærlega fyrir það. Næsta verkefni er að bæta skipulagið, þannig að fjöldi iðkenda í hóp verði sem hagstæðastur, sem og nýting þjálfara verði sem best á hverjum tíma. Eins verður með betra skipulagi að draga úr stjórnunarkostnaði félagsins. Hann er óeðlilega hár.

Starfssemin

Í upphafi vetrara var ákveðið að halda æfingagjöldum óbreyttum á milli ára. Áætlanir gerðu ráð fyrir einhverri fækkun iðkenda en sú varð ekki raunin og fjölgaði í félaginu í heild og munar þar mest um aukningu í Almenningsdeildinni.

Skrifstofa félagsins hefur verið opin í vetur frá kl. 8 á morgnanna til kl. 16.00 á daginn. Breyta þarf opnunartíma skrifstofunnar til að mæta betur þörfum innan félagsins. Þar er sérstaklega horft til að lengja viðveru seinni partinn þegar starfsemi félagsins er í hámarki en draga úr opnun snemma morguns í staðinn.

Útleiga á aðstöðu félagsins fyrir afmæli og aðrar uppákomur er mikilvægur póstur í starfsemi félagsins. Þessi tekjustofn hefur reynst félaginu mjög mikilvægur á þrengingar tímum.

Síðastliðið vor var úthlutnarreglum á æfingatímum til íþróttafélaganna í bænum breytt hjá ÍBH. Þessi breyting skilað sér í aukinni úthlutun á tímum til Björk, einkum í Andrasal. Við endanlega úthlutun var reynt að halda samfellu í tímum þannig að hægt væri að draga fram áhöld í upphafi tímabils og láta þau síðan standa í 2-3 daga samfelld. Þetta markmið náðist að nokkru en vonandi tekst enn betur til næsta vetur. Nokkuð vantar á búnað í Andrasal þannig að hann komi að fullum notum. Áfram verður unnið í að bæta úr því.

Á síðasta ári tók Hafnarfjarðabær yfir eignir Nýsirs í Bjarkarmiðstöð og færði reksturinn undir Hafnarfjarðabæ. Aðalstjórn félagsins óskaði eftir viðræðum við Hafnarfjarðabæ um að taka yfir reksturinn en ekki var áhugi á því hjá bænum.

Komið er að viðhaldi og endurnýjun á áhöldum í fimleikasalnum. Nokkur verkefni eru þar mjög brýn og hefur þeim verið komið á framfæri við Hafnarfjarðabæ. Skv. samningi Hafnarfjarðabæjar við Nýsir átti að endurnýja búnaðinn með ákveðnum hætti. Félagið treystir því að Hafnarfjarðabær geri ekki lakari kröfur til sjálfs sín en það gerði í mjög metnaðarfullum samningi við Nýsi árið 2002.

Fimleikadeild stóð fyrir fjáröflun í vor til að kaupa nýtt fibergólf sem einkum nýtist hópfimleikum. Tókst að safna í þessari lotu um 30% af áætlaðri fjárfestingu. Frekari fjáraflanir eru fyrirhugaðar til bæta úr þessari brýnu þörf.

Í lok janúar hóf Frístundarbíllinn starfsemi í Hafnarfirði. Leiðarkerfi hans er miðað að því að mæta þörfum barna og unglunga til að geta stundað íþrótt- og tómstundastarf sitt án þess að þurfa að treysta á skutl foreldra sinna. Frístundarbíllinn hefur reynst félaginu mjög vel og er almenn ánægja með hann hjá iðkendum í Björk. Frábært framtak hjá þeim sem að honum standa og er þeim sérstaklega þakkað.

Íþróttadeildir

Starf deildanna hefur verið kröftugt á árinu. Iðkendum í félaginu fjölga í heild en fækkaði heldur í fimleikum og TKD.

	H08	V09	H09	V10
Fimleikar	419	413	419	401
Taekwondo	84	81	72	52
Klifur	62	61	58	70
Almenningsd.	137	183	251	308
	702	738	800	831

Mikið brottfall er í fimleikadeildinni eða um 25% á hverri önn. Með tilkomu Fit kid og Parkour hjá félaginu þá hafa sumir þessara iðkenda sem að öðrum kosti hefðu hætt hjá félaginu fundið sér annað sem hentar þeim betur. Leita þarf enn frekari leiða til að halda krökkum lengur innan félagsins. Björk sker sig úr öðrum félögum innan ÍBH varðandi aldursamsetningu og er með yfir 90% af sínum iðkendum undir 16 ára aldri.

Yfirþjálfarar í fimleikadeild hafa unnið mjög vel saman á þessu starfsári. Starfið hefur verið í föstum skorðum og sést það vel á þeim árangri sem iðkendur félagsins eru að ná á þessu ári.

Taekwondo deildin varð fyrir verulegri blóðtöku síðastliðið haust þegar Björn Þorleifsson ákvað að hætta hjá félaginu. Með honum hurfu á braut helstu keppendur félagsins í TKD. Stjórn TKD ásamt þeim Gauta og Auði Önnu snéru vörn í sókn og hafa með markvissu starfi eftt enn frekar barna og unglingastarfið. Sést það best á þeim árangri sem TKD fólk í Björk hefur náð á mótum núna í vor.

Klifur deildinn hefur eflst á árinu og hefur iðkendum fjölgað þó nokkuð. Starfið er í mjög föstum skorðum og hefur bætt aðstaða og öflugir þjálfara hjálpað þar mikið til.

Almenningsdeildin hefur haldið áfram að vaxa. Einkum með tilkomu nýrra greina eins og Fit Kid og Parkour. Fimleikar fyrir fullorðna og leikskólahópar hafa einnig dafnað vel á árinu. Undir merkjum almenningsdeildar var síðasta sumar haldin íþrótt- og leikjaskjólí Björk. Við hefðum gjarnan viljað sjá fleiri þátttakendur. Áfram verður haldið og reynt að bæta enn frekar úr á komandi sumri.

Í lok maí var uppskeruhátíð félagsins. Þar var efnt til sýningar frá öllum deildum félagsins og viðurkenningar veittar fyrir góða ástundun um veturinn. Sýningin var vel sótt og mæltist vel fyrir.

Í desember var síðan valið íþróttafólk Björk á árinu 2009. Daníel Rhamandan Sigurgeirsson úr Taekwondodeild og Marianne Van Der Steen úr klifurdeild voru valin íþróttamaður og kona fimleikafélagsins Björk.

Íþróttamaður og kona fimleikadeildar eru Stefán Ingvarsson og Andrea Rós Jónsdóttir

Íþróttamaður og kona klifurdeildar eru Stefán Grétar Hallgrímsson og Marianne Van Der Steen

Íþróttamaður og kona Taekwondodeildar eru Daníel Rhamandan Sigurgeirsson og Edda Björk Ágústsdóttir

Íþróttakona almenningsdeildar er Sunna Lind Ingibergsdóttir

Í heildina litið hefur starf félagsins gengið vel á árinu.

Frekari upplýsingar um starf deildanna er að finna í skýrslum þeirra fyrir starfsárið.



Fjármálin

Eins og fram kemur í ársreikningum félagsins þá hafa skuldir félagsins aukist jafnt og þétt undan farin 4 ár vegna taprekstrar. Þar munar mest um að launakostnaður hækkaði verulega umfram tekju aukninguna. 2009 hefur tekist að snúa þessari þróun að einhverjuleiti við.

(Framlag Hafnarfjarðabæjar vegna íþróttahúsnæðis er ekki með í þessum tölum enda fer það inn og út)

	2006	2007	2008	2009
Tekjur v/rekstrar	49.919.548	49.456.196	65.456.990	66.171.541
Laun og launat.gj.	41.170.309	50.876.721	59.721.173	55.576.004
Afkoma fyrir annan kostnað	8.749.239	-1.420.525	5.744.817	10.595.537
Annar rekstrar kostnaður og afskriftir	16.629.819	16.559.716	15.689.880	16.589.814
Fjármagnskostnaður	3.841.852	3.445.211	6.253.496	6.243.127
Afkoma af rekstri	-11.722.432	-21.425.452	-16.198.559	-12.237.404
Söluhagnaður eigna/óregl.tekj.	2.522.840	3.497.823	0	10.000.000
Hagnaður/Tap	-9.199.592	-17.927.629	-16.198.559	-2.237.404

Á árunum 2006 og 2007 eru seldar eigin með smá hagnaði. Í tölum 2009 er afskrifuð skuld við aðila tengda félaginu færð í þessu yfirlit sem óreglulegar tekjur. Með þessu fæst betra yfirlit um hvernig reksturinn hefur í raun verið að þróast. Þar er rétt að horfa á afkomu af rekstri.

Á árinu 2008 hófst vinna við að snúa rekstrinum við. Sú vinna hefði kanski mátt vera kröftugri en það er ekki víst að starf félagsins hefði þolað það. Ljóst er að ekki er unnt að bæta reksturinn nema að auka eitthvað við tekjurnar og draga enn frekar úr launakostnaði. Í september var samningsformi tímaráðinna starfsmanna breytt, þannig að í stað þess að vera launamenn þá eru þeir nú vertakar. Það er til samræmis við önnur íþróttafélög í bænum.

Það má segja að núna á árinu 2009 hefur okkur tekist að koma rekstrinum á þann stað sem hann var á árinu 2006. Betur má ef duga skal.

Jafn hægfara breytingar sem stjórnin hefur unnið að frá árinu 2008 duga ekki til og því þarf kröftugri aðgerðir. Liður í því var að stofna nýtt félag um rekstur íþróttadeilda og einbeita sér að uppgjöri skulda á eldra félaginu. Mikilvægur áfangi náðist í lok ársins þar sem skuldir félagsins voru í megin atriðum hjá þremur aðilum, Byr, Frjálsa lífeyrissjóðunum og síðan tengdum aðilum (FSÍ, Hafsteinn, Ingvar og 3 aðrir). Í lok janúar var unnin greinargerð um uppgjör sem var lögð fyrir BYR. Að því uppgjöri þurfa að koma auk BYRs, lífeyrissjóðurinn og Hafnarfjarðabær. Því miður þá hefur lítið þokast í þessu máli. Í lok mars náðist samkomulag við Frjálsa lífeyrissjóðin um greiðslur, sem var félaginu mjög hagstætt, en Hafnarfjarðabær var seinn til svara og okkur tókst því ekki að standa við það samkomulag. Skuldin við lífeyrissjóðin ásamt vöxtum og kostnaði er núna 9,6 mkr. Enn er beðið útspili frá BYR um hvernig unnt verður að loka þessum málum. Vonani fæst viðunandi lausn núna í maí.

Mikilvægt er að rekstur hins nýja rekstrarfélags verði í lagi. Til að svo megi verða þarf að taka til hendinni og bæta reksturinn. Aðalstjórn félagsins hefur lagt af stað í breytingar sem miða að því að lækka stjórnunarkostnað í fimleikadeild um 3 mkr. á ári, lækka þjálfunarkostnað deildarinnar með

betra skipulagi um aðrar 3 mkr. og með endurskipulagningu á skrifstofu félagsins um 2 mkr. Þannig er áformað að draga úr launakostnaði um 8 mkr. fyrst og fremst með betra skipulagi. Ef fjármagnskostnaður félagsins síðan fer alveg niður í 0 kr. þá ætti í heildinni að vera búið að bæta rekstrarafkomu félagsins um 14 mkr. og reksturinn þá kominn á þann jafnvægispunkt þar sem hann þarf að vera.

Til að ná þessu fram hefur stjórnin ákveðið að ráða Guðjón Guðmundsson (Gutta) sem yfirþjálfara fimleikadeildar og hann mun taka að sér allt skipulag í fimleikadeildinni. Jafnframt því verður hann með starfstíllinn framkvæmdastjóri félagsins, þannig að hann á að leiða alla samhæfingu félagsins. Klifurdeild og TKD deild verður þó falið meira sjálfstæði með sínum málum. Vala hefur ákveðið að hætta störfum hjá félaginu frá og með 1. ágúst nk. Þessi breyting hefur áhrif á störf nokkurra starfsmanna og hefur verið rætt við þá alla. Unnið er að frekari útfærslu á þessu skipulagi.

Megin tekjustofn félagsins eru æfingagjöld. Það er stjórninni áhyggjuefni hversu stór hluti eða nær 20% af árs veltu æfingjalda er enn útistandandi núna í lok apríl þegar vorönninni er við það að ljúka. Ef rekja mætti þessa stöðu til efnahagsmála þá er það eitthvað sem hægt væri að kyngja og vinna í. Því miður er það ekki raunin. Það hefur verið viðvarandi vandi í félaginu að æfingagjöld skila sér ekki eins og skildi. Þrátt fyrir ýmis áform um að nú skulið tekið á þessu og iðkendur greiði gjöld sín strax í upphafi þá tekst ekki að snúa því við. Breytt fyrirkomulag Hafnarfjarðabæjar um niðurgreiðslur er ekki til þess fallin að laga eða hjálpa til í þessu máli. Félagið hefur lagt til að ÍBH taki upp viðræður við Hafnarfjarðabæ til að fara yfir þessa framkvæmd alla með hagsmuni allra aðila að leiðarljósi.

BYR sparisjóður hefur staðið þétt við bakið á félaginu í gegnum þessa þrengingartíma. Félagið hélt áfram viðskiptum við BYR þó að nýtt félag kæmi að rekstrinum. Það var okkur mikilvægt því að allt ferlið gengur mjög vel í samstarfi við BYR. BYR gengur líka í gegnum sína erfiðleika og tilkynntu okkur í upphafi ársins að ekki yrði um framlengingu á styrktarsamning við Björk fyrir næsta ár. Við væntum þess að BYR nái vopnum sínum og verði fljótt aftur öflug fjármálastofnun hér í bæ og dyggur stuðningsaðili íþróttta- og æskulýðsstarfs í Hafnarfirði.

Samstarfssamningur Hafnarfjarðabæjar, ÍBH og Rio Tinto Alcan er félaginu ákaflega mikilvægur og er RioTinto Alcan einnig færðar þakkir fyrir stuðninginn.

Að lokum

Erfitt ár í rekstrinum er að baki. Teknar hafa verið ákvarðanir um endurskipulagningu sem verða að ganga upp. Mikilvægt er að í þeirri endurskipulagningu höfum við að leiðarljósi að vernda grunn starfið í félaginu. Á næsta ári verður félagið 60 ára, vonandi tekst okkur öllum í sameiningu að færa félaginu þá afmælisgjöf að rekstur félagsins sé komin á rétt ról eftir allt of mörg tap rekstrar ár undanfarið

Starfið í íþróttadeildunum gengur vel og sést vel á þeim árangri sem iðkendur félagsins eru að ná á hinum ýmsu mótum.

Er öllum þeim sem komið hafa að starfi félagsins þakkað kærlega fyrir framlag þeirra. Margar hendur vinna létt verk og er vandséð hvernig íþróttafélag eins og Björk mundi ganga án allrar þeirra fórnfúsu vinnu sem margir leggja á sig fyrir félagið.

Framundan eru spennandi tímar. Björk er og á að vera fyrirmyndarfélag í öllum því sem félagið tekur sér fyrir hendur. Að því er stefnt og að því er unnið.